

Aðalfundur Meiðs 2023, haldinn í Skógargærði með fjarfundartengingu.

Fundur settur kl. 11.00

Aðalfundur sátu 9 í Skógargærði og fimm í fjarfundarsambandi. (Sólrun Víkingsdóttir, Helgi Gíslason, Dagný Sigurðardóttir, Silja Arnfinnsdóttir, Hlynur Bragason, Hermann Hermannson, Sigríður Guðmundsdóttir, Helgi Ómar Bragason og Björn Sveinsson. Í fjarfundarsambandi voru Ívar Ásgeirsson, Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir, Helgi Ómar Pálsson, Stefán Hermannsson og Björgheiður Helgadóttir, fundarritara ekki kunnugt um tilheyrendur fjarfundarsambanda)

Fundarstjóri Hlynur Bragason og fundarritari Björn Sveinsson

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar

Hermann formaður kynnti skýrslu stjórnar. Er hún svohljóðandi:

„ Skýrsla stjórnar Meiðs fyrir árið 2022 og fram að þessum fundi 2023.

Haldinn var einn bókaður fundur auk nokkurra sem voru óformlegir.

Framkvæmdir

Engar framkvæmdir hafa verið frá síðasta aðalfundi, sem haldinn var á ættarmótinu 2022.

Ættarmótið var verulega vel heppnað og á ættarmótsnefnd miklar þakkir fyrir.

Útleiga húss

Húsið var leigt út í aðeins 3 vikur og eina helgi á tímabilinu.

Notkun á húsinu mætti vera meiri, en á ættarmótsári hefur reyndar alltaf verið lítil notkun á húsinu.

Gamlir gripir.

Spunavél Dagnýjar Pálsdóttur komin í Skógargærði.

Þórhalla bóndi Þráinsdóttir á Birnufelli sagði að þegar hún var barn að aldri hafi hún farið með Ingveldi móður sinni í Helgafell og sótt Dagnýju langömmu sem þar bjó þá. Það hafi verið gert að ósk Dagnýjar. Þær fóru síðan í Skógargærði þar sem Dagný lét Ingveldi fá spunavél sem hún átti. Ingveldur (hún var þekkt hannyrðakona á Héraði) hafði síðan vélina hjá sér þar til hún lést fyrir um tveimur árum síðan. Þá tók Þórhalla við spunavélinni og hefur haft hana hjá sér á Birnufelli og vildi færa okkur hana í Skógargærði. Vélin er handsmíðuð frá fyrirtæki sem hét Forsæti á Suðurlandi og er að mestu gerð úr tré og járn.

Ritnefnd

Ekki hefur gengið eftir að vekja upp ritnefnd eins og Indriði hafði stungið uppá og hafði tilnefnt ritstjóra.

Gaman væri ef þetta tækist og hægt verði að bæta við fróðleik á heimasíðuna. Hvað þarf að gera til að vekja upp áhuga á skrifum?

Fyrirhugaðar framkvæmdir

1. Endurnýja gler í gluggum. Líklegur kostnaður með efni og vinnu er um 1400 þúsund.
2. Tenging ljósleiðara við fjarskiptafélag.
3. Endurnýja gamla trjágærðinn hennar Dagnýjar Pálsdóttur (sem er kominn að aldursmörkum) í samráði við garðyrkjufræðing“

Engar sérstakar umræður urðu um skýrslu stjórnar.

2. Reikningar félagsins lagðir fram

Helgi Ómar Pálsson lagði fram yfirlit yfir fjárreiður félagsins fyrir fund sem sýnt var fundarmönnum. Helgi byrjaði yfirferð á reikningsyfirliti en Hermann varð að taka við vegna tæknilegra örðugleika, samband við Helga slitnaði.

Helstu niðurstöður eru:

Tekjur félagsins á árinu eru alls 1.633.601, þar af greidd félagsgjöld 1.205.200. Leigutekjur voru einungis 167.600. Inn í tekjum félagsins er og rekstrarafgangur ættarmóts, 250.697 sem ætlan stjórnar er að haldið verði sér til halds næsta ættarmóts.

Rekstrargjöld voru alls 972.361. Þar af var rekstrarkostnaður Skógargerðishúss á árinu 698.151. Viðhald og endurbætur kostuðu 274.210, stærsti liður í viðhaldskostnaði reikningar frá BM Vallá fyrir hellum sem voru endurnýjaðar við suðurhlíð Skógargerðishúss og reikningur hjá Húsasmiðjunni fyrir málningu og garðhúsgögnum. Reikningur frá Myllan, stál og vélar, vegna þakkants á austurgafli. Vinna við hellulögn, málningu og þakkant var unnin í sjálfboðavinnu. Fram kom við kynningu rekstrarniðurstöðu ársins að kostnað vegna ljósleiðaratengingu Skógargerðishúss vantar í reikninga ársins (ca 300 þús) enda ekki borist ennþá.

Bankainnistæður félagsins við áramót voru 2.350.114.

Farið var yfir skjöl skoðunarmanna reikninga (HÓB og ÍÁ sem gerðu öngvar athugasemdir við reikningshald, farið var yfir ábendingar ÍÁ undir dagskrárliðnum önnur mál.

Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

3. Ákvörðun félagsgjalda

Við umræður kom fram tillaga um að hækka félagsgjöld. Reikningar fyrir félagsgjöldum ársins hafa verið sendir út og því ekki tækt að breyta þeim. Tillaga kom um að taka upp þrískiptingu gjalda, þ.e. að aldursflokkur 25-40 og 67+ greiði sama gjald en aldursflokkur 40-67 greiði hærra gjald svo sem verið hefur. Tillaga kom um að hækka gjald á 40-67 aldursflokk. Samþykkt að stjórn taki til skoðunar áhrif þriðja gjaldflokks (67+) á ætlaðar tekjur félagsins og breytingar gjalda á næsta ári.

4. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Stjórn og skoðunarmenn reikninga eru kosnir á ættarmóti og er skipunartími til næsta ættarmóts. Dagskrárliður því ekki tekinn til umræðu.

5. Breytingar á samþykktum félagsins

Engar tillögur um breytingar á samþykktum félagsins hafa verið lagðar fram fyrir aðalfund.

6. Önnur mál

Rætt um ljósleiðaratengingu. Ljósleiðari er kominn inn í hús og kynnti Björgheiður möguleika á tengingum. Umræður urðu um málið og samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda,

fjarskiptafyrirtækið Hringdu um tengingu og ótakmarkað gagnamagn. Gera má því ráð fyrir að í sumar verði komið mjög gott netsamband í Skógargerði.

HÓB nefndi að setja mætti upp leiktæki f. yngstu kynslóðina. Samþykkt að stjórn taki það til skoðunar.

Lesin upp ábending frá skoðunarmanni reikninga Ívari Ásgeirssyni um að félagið hefði orðið af vaxtatekjum með því að vera ekki með fjármuni félagsins á reikningi með hærri vöxtum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11.54.

Fundarritari:

Björn Sveinsson

Viðbót eftir að fundi var slitið.

Tilboð frá Austurljósi í nettengingu barst, eftir að formlegum fundi var lokið, sem var hagstæðara en rætt var um á fundinum og þeir sem voru í Skógargerði samþykktu allir að að taka því og hafna tilboði frá Hringdu.

Gengið verður frá uppsetningu beinis og þeirra magnara sem þarf til að samband verði allt umhverfis húsið, fljótlega, Hlynur mun fylgja því eftir.

Skráð af Hermanni Hermannssyni.